



Michael Jón Clarke er menntaður frá Trinity College of Music London, Southern Illinois University og Royal Northern College of Music. Hann hefur verið strengja- og söngkennari við Tónlistaskólann á Akureyri í meira en fjóra áratugi og var nýlega veitt viðurkenning af Akureyrabæ fyrir ævistarf. Hann hefur haldið fjölda einsöngs tónleika, sungið einsöngshlutverk hjá mörgum kórum, tekið að sér hlutverk í óperum og söngleikjum, og stjórnaði fjölda kóra og hljómsveita. Undanfarin ár hefur hann snúið sér í auknum mæli að tónsmíðum og nýlega gefið út geisladisk með Passíusálmum sínum ásamt Eyþóri Inga Jónssyni. Hann samdi tónverkið Aldamótakvæði sem flutt var á afmæli Akureyrarbæjar 2013. Hann var valinn Listamaður Akureyrar 1997.